

## Valgarður Frímann Jóhannsson lögreglumaður og tollvörður

Afhending 2011/88

Valgarður Frímann Jóhannsson fæddist á Akureyri 6. mars 1930. Hann lést á Landspítalanum 22. júní 2002. Hann lauk sveinsprófi í rafvirkjun árið 1951 og fékk meistarabréf í sömu iðn 1954. Hann starfaði sem rafvirki um tíma.

Valgarður stundaði nám í Lögregluskólanum í Reykjavík veturinn 1955 – 1956. Hann hóf störf hjá Lögreglunni á Akureyri í maí 1955 og starfaði hjá henni til 1962. Það ár tók hann próf til ökukennara og starfaði sem slíkur á Akureyri í nokkur ár áður en hann og fjölskylda hans fluttu til Seyðisfjarðar. Valgarður var lögreglumaður og tollvörður á Seyðisfirði frá 1967 – 1971 en fluttist síðan til Reykjavíkur og starfaði sem bókhaldari.

Valgarður hannaði fjölda firmamerkja fyrir fyrirtæki og stofnanir á Akureyri, meðal annars Sólborg, Lögreglufélag Akureyrar og Akureyrarbæ.

Valgarður var giftur Theódóru Kolbrúnu Ásgeirsdóttur (1933 – 1971) og eignaðist með henni 7 börn.

Afhendingin kom frá Minjasafninu á Akureyri. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

29. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Valgarður Frímann Jóhannsson (1930-2002)</b>			<b>2011 / 88</b>
<b>A-Valgarður Frímann Jóhannsson (1930-2002)</b>			
<b>AA-Teikningar</b>		<b>1979 - 1979</b>	
2011 - AA / 1	1	1979- 1979	Teikningar og bréf vegna teikninga á merkjum fyrir: Kristneshæli, Flugbjörgunarsveit, Sólborg, Lögreglufélag Akureyrar og Akureyrarbæ.
<b>AB- Fréttabréf og dagskrá</b>		<b>1974 - 1981</b>	
2011 - AB / 1	1	1974- 1981	Landsmót Skáta 1974 á Úlfjótuvatni, dagskrá; Kjarni, málgagn landsmóts Skáta Kjarnaskógi 1980 - 1981.